

Umhverfisstofnun
Agnar Bragi Bragason
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Reykjavík, 14. desember 2018
Tilvísun: 201808027 / 5.1

Efni: Framleiðsluaukning og stækkun Samherja fiskeldis á Núpum í Ölfusi - beiðni um umsögn

Samherji hf. hefur sent Skipulagsstofnun meðfylgjandi tilkynningu, móttækin 11. desember 2018, um ofangreinda framkvæmd skv. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 106/2000 og 12. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum er hér með óskað eftir að Umhverfisstofnun gefi umsögn um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 2. viðauka í framangreindum lögum.

Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort Umhverfisstofnun telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, mótvægisáðgerðum og vöktun. Einnig óskar Skipulagsstofnun eftir því að í umsögn komi fram, eftir því sem við á, hvaða leyfi framkvæmdin er háð og varðar starfssvið umsagnaraðila.

Umsögnin óskast send Skipulagsstofnun fyrir **4. janúar 2019** og einnig í tölvupósti á matthildur@skipulag.is og jakob@skipulag.is.


Matthildur B. Stefánsdóttir

Umsagnaraðilar: Sveitarfélagið Ölfus, Fiskistofa, Hafrannsóknastofnun, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, Matvælastofnun, Minjastofnun og Umhverfisstofnun.

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Akureyri 23.Nóvember 2018

Efni: Tilkynning um fyrirhugaða framleiðsluaukningu og stækkun fiskeldis Samherja Núpum í Ölfusi, úr 150 tonnum í 300 tonn

Samherji fiskeldi ehf tilkynnir hér með formlega um fyrirhugaða stækkun eldisrýmis og aukningu á seiðaframleiðslu félagsins á Núpum í Ölfusi samkvæmt 6.gr.laga nr.106/2000 og lið1.11 í 1.viðauka við lögin. Fyrirhugað er að sækja um breytingu á núgildandi starfsleyfi fyrirtækisins fyrir framleiðslu á 100 tonnum af laxaseiðum og 50 tonnum af bleikjuseiðum, þar sem leyfilegt framleiðslumagn verður aukið í 300 tonn. Núgildandi starfsleyfi fyrirtækisins rennur út í desember 2019.

Rekstur stöðvarinnar hefur gengið ágætlega síðustu árin, en nýlega varð félagið fyrir miklu tjóni þegar eldur kom upp í stöðinni (í júní 2018) og stærsta eldishúsið á Núpum (svokallað aðaleldishús) skemmdist mikið. Það hús verður endurbyggt frá grunni og verður eldisrýmið aukið í leiðinni. Núpastöðin hefur um árabíl séð eldisstöð Samherja í Öxarfirði fyrir laxaseiðum og eldisstöð Samherja á Vatnsleysuströnd fyrir meirihluta þeirra bleikjuseiða sem þarf í reksturinn þar. Öll framleiðsla félagsins hefur árlega verið vottuð af þriðja aðila frá árinu 2009 samkvæmt kröfum Whole Foods Market, en slík vottun gerir miklar kröfur um að eldið sé vistvænt og sjálfbært.


Hér verða talin upp þau atriði og þær upplýsingar sem kveðið er á um í 15 gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum.

Tengiliðir umsækjanda: Jón Kjartan Jónsson netfang: jkj@samherji.is Heiðdís Smáradóttir netfang: heiddis@samherji.is Gunnar Dagur Darrason netfang: gdd@samherji.is

1. Lýsing á framkvæmd

1.1. Framkvæmd

Seiðaframleiðslan á Núpum mun fara fram með svipuðum hætti og hingað til. Framleiðslan á hefur verið á bilinu 500 þús til 1,3 milljónir seiða á ári frá 2010 og útskráð tonn á bilinu 38 til 109 tonn, áætluð framleiðsla 2018 er um 120 tonn (sjá mynd 1). Hámarks framleiðslugeta stöðvarinnar miðað við núverandi eldisrými er um 150 tonn á ári.




Mynd 1. Núpseiðaútskráning í tonnum frá árinu 2010.

Eins og kemur fram í inngangi varð stöðin fyrir miklu tjóni í júní síðastliðnum, þegar aðaleldishús brann. Áætlað er að reisa nýtt hús á sama grunni en lengja húsið frá því sem það var um 20 metra, gólfplötur hússins mun því stækka um 260 m². Stefnt er á að auka eldisrýmið úr 1466 m³ í um 2600 m³. Aukning eldisrýmis næst með því að reisa eldiskör í viðbyggingu og með því að skipta út eldri kerjum fyrir stærri ker. Nýjar eldiseiningar verða úr trefjaplasi líkt og eldri kerin. Mynd 2 sýnir legu stöðvarinnar eins hún er í dag en á mynd 3 er teikning sem sýnir lenginguna á seiðahúsinu.



Mynd 2. Loftmyndir af Núpastöðinni frá 2017 (fengið af <https://www.map.is/base/#>)



Mynd 3. Yfirlitsmynd yfir hús og eldiseiningar á Núpum. Stækkun aðal eldishúss er sýnd með skyggða svæðinu

Stærri yfirlits teikningu er að finna í fylgiskjali 1.

1.2. Fyrirkomulag eldisins

Fyrirkomulag eldisins verður með sama hætti og verið hefur hingað til. Eldisaðstaðan á Núpum samanstendur af klakhúsi, frumeldishúsi og aðaleldishúsi ásamt 6 yfirbyggðum útikerjum. Laxahrogn eru keypt af Stofnfiski (íslenskur eldislax af Saga stofni) og bleikjuhrogn (sambland af Ölfesvatnsstofni og Grenlækjarstofni) frá Hólum eða fengin frá klakfiskastöð Samherja fiskeldis í Sigtúnum (sami stofn). Samherji fiskeldi ehf rekur þar klakfiskastöð í samstarfi við kynbótastöðina á Hólum. Hrognunum er klakið í klakhúsi og kviðpokar fluttir í frumfóðrunarhús og þaðan í aðaleldishús þegar réttri stærð er náð. Hluti bleikjukviðpoka er jafnframt fluttur beint úr klakhúsi í hinar tvær seiðastöðvar Samherja fiskeldis, á Öxnalæk í Ölfusi eða Stað á Reykjanesi. Öll laxaseiði eru flutt norður í eldisstöð félagsins í Öxarfirði. Megnið af laxaseiðunum eru flutt bólusett þá um 60 grömm, en hluti þeirra er fluttur smærri við 4-5g. Engin lyf verða notuð í eldinu önnur en viðurkennd bóluefni en allur fiskur er bólusettur áður en hann er fluttur úr stöðinni.

1.3. Vatnsnotkun

Það vatn sem þarf til eldisins er ýmist fengið úr brunnum, ám eða lindum á svæðinu. Um er að ræða Flóðalæk, Gvendarbrunna, Sandá og Núpaholu sem er gufuhola. Vatnsþörf laxfiska í eldi er áætluð um 0,15 l/min/kg (Thorarensen, H & Farrel, A.P. 2011). Mestur lífmassi í fullri stöð eftir stækkun verður á bilinu 100-120 tonn en vatnsþörf fyrir slíkan lífmassa er þá á bilinu 250-300 lítrar/sek. Í dag annar vatnstakan að hámarki um 240-250 l/sek en til að mæta vatnsþörf ef hún fer umfram það, verða stærstu nýju kerin (5 stk) sem sett verða upp í aðaleldishúsi með

endurnýtingarbúnaði. Fjárfest verður í litlum tromlufilterum og lofturum (eitt sett fyrir hvert ker) og affall filterana leitt í aðal frárennslið sem rennur í settank. Með þessum hætti þarf ekki að auka vatnstöku á svæðinu vegna framleiðsluaukningarinnar.

Áætlanir eru um að seiðaframleiðslan verði komin í um 2 milljónir (c.a. 200 tonn útskráð á ári) árið 2020. Standandi lífmassi við slíka framleiðslu væri þá orðinn að meðaltali um 50 – 65 tonn. Vatnstakan eins og hún er í dag kemur til með að anna vel því magni. Þegar framleiðslan verður orðin meiri en það, verður hluti vatnsins endurnýttur með þeim hætti sem nefnt er hér að framan.

1.4. Fóðurnotkun og fóðrunaraðferðir

Fóðurnotkun mun miðast við FCR 1,0 þ.e. að það þurfi 1,0 kg fódurs til að framleiða hvert kg af fiski. FCR síðustu árin hefur verið á bilinu 0,83 – 1,14 en meðaltal síðustu 10 ára er 0,96. Fóðrun í kerin verður stjórnað eins og gert er í eldinu í dag, með tölvustýrðum blásturskerfum sem tengd eru við gagnagrunn stöðvarinnar. Úrvinnsla og utanumhald gagna fer fram í fiskeldis-hugbúnaðinum Farm Control eða sambærilegum. Til stendur að útbúa ný ker þannig að affall hvers kers sé sýnilegt. Með sýnilegu affalli er hægt að fylgjast mjög náið með fóðruninni og hámarka fóðurnýtingu sem og fjarlægja dauðfisk með auðveldum hætti.

Samsetning fódurs

Notað verður fiskeldisfóður frá fóðurverksmiðjunni Laxá og startfóður frá Skretting og BioMar.

Tafla 1 sýnir áætlaða næringarsamsetningu fódursins en gera má ráð fyrir talsverðri óvissu í hverjum þætti. Gert er ráð fyrir að nota fóður úr hágæða fiskimjöli, kríli, lýsi, repjuolíu, maís, hveiti, sojamjöli, vítamíni, steinefnum og náttúrulegu litarefni.

Tafla 1. Áætluð næringarefnasamsetning fódurs til eldisins

Meltanleg orka	Brúttó orka	Prótein	Fita	Kolvetni	Aska	Þurrefni
MJ/kg	MJ/kg	%	%	%	%	%
22	24	38	29	14	7	92

Stór norsk rannsókn (Wang et.al. 2012) gerir grein fyrir losun úrgangsefna í laxeldi og eru þær niðurstöður notaðar til grundvallar í töflum 1 og 2. Hefðbundið fóður í eldi laxfiska inniheldur um 51% kolefni (C), 7% köfnunarefni (N) og 1,2% fosfór (P). Um 70% af kolefni er losað út í umhverfið sem ólífrænn og lífrænn úrgangur. Þetta samsvarar því að frá 300 tonna eldi eru losuð rúm 120 tonn af kolefni. Um 48% er losun vegna öndunnar, 19% af formi úrgangsefna og 30% nýtist í vöxt. Af því köfnunarefni sem er í fóðrinu losnar um 62% út í umhverfið, 38% nýtast til vaxtar, 45% er losað út á uppleystu ólífrænu formi og 15% á föstu formi sem lífrænt köfnunarefni. Um 70% af fosfór í fóðrinu er losað út í umhverfið sem lífrænn (44%) og ólífrænn

úrgangur (18%). Tafla 2 sýnir áætlaða losun næringarefna við framleiðslu á einu tonni af seiðum þar sem fóðurstuðull er 1,0.

Tafla 2. Mat á losun úrgangsefna á hvert framleitt tonn af laxfiskum.

Framleiðslu-magn: 1000 kg Fóðurstuðull : 1,0	Í fóðri		Óétið fóður		Í vöxt		Ólífræn efni		Lífræn úrgangsefni			Samt:
	kg	%	kg	%	kg	%	kg	%	kg	Þar af uppleyst	Í föstu formi	kg
Kolefni (C)	510	3%	15	30%	153	48%	245	22%	112	17 kg	95 kg	357
Köfnunarefni (N)	71	3%	2	38%	27	45%	32	18%	12	2 kg	11 kg	44
Fósfór (P)	12	3%	0	30%	4	18%	2	52%	6	1 kg	5 kg	8
									131			
								Samtals:	kg	20 kg	111 kg	410 kg

Heildarlosun lífrænna úrgangsefna á föstu formi við framleiðslu á 300 tonnum af laxa/bleikjuseiðum yrði því tæp 123 tonn (107 tonn af kolefni, 13 tonn af köfnunarefni og 8 tonn af fosfór). Föstu efnin eru að stórum hluta síuð frá og skilað til baka í settank en uppleystu efnin berast út í viðtaka. Tromlufilter sem notaður er til síunar er með 100 míkrona síudúk sem fangar um 70% svifagna.

1.5. Önnur starfssemi


Skv. nýjustu opinberu skrá MAST yfir eldisfyrirtæki í Ölfusi þá eru þrjár eldisstöðvar á svæðinu fyrir utan Núpastöðina (150t leyfi). Seiðastöð Samherja fiskeldis á Öxnalæk (með leyfi fyrir 100 tonna framleiðslu) og Laxar fiskeldi rekur svo tvær seiðastöðvar á svæðinu, aðra á Fiskalóni og hina á Bakka II (samanlagt með 40 tonn). Samanlagt leyfilegt framleiðslumagn á svæðinu er því 290 tonn á ári og verður með nýju leyfi á Núpum samtals 440 tonn. Engin þessara stöðva losar í sama viðtakann en viðtakarnir eiga það sameiginlegt að renna á endanum út í Ölfusá, sem er vatnsmesta á landsins. Sammögnunaráhrif vegna starfsseminnar hljóta því að teljast afar ólíkleg. Eldið á Öxnalæk losar beint í Varmá en hún breytir um nafn eftir að hún sameinast Sandá og kallast þá Þorleifslækur. Núpar losa í Sandá en Bakki og Fiskalón losa í minni viðtaka sem renna þaðan eftir lækjum og skurðum út í Þorleifslæk (Varmá). Vert er að taka fram að Varmá er á náttúruminjaskrá. Kortið á mynd 4 sýnir staðsetningu stöðvanna og viðtakana sem þær losa í. Svæðið er mjög stórt og þarna úir og grúir af misstórum skurðum og lækjum. Þó að gæði loftmynda á map.is séu góð er mjög erfitt að sýna frárennslisleiðir allra stöðvanna nákvæmlega á einni mynd (beta er að átta sig á samhengi viðtaka með því að stækka upp myndir á yfirlitskortum á eftirfarandi slóð : <https://www.map.is/base/#>).



Mynd 4. Staðsetning eldisstöðva í Ölfusi

1.6. Samræmi við skipulagsáætlanir

Stækkun seiðahússins er innan þeirra lóðamarka sem Samherji fiskeldi hefur til umráða á skilgreindu iðnaðarsvæði 6 (I6) undir eldisstarfseminu og krefst ekki breytinga á núverandi aðalskipulagi. Deiliskipulag hefur ekki verið unnið á þessum reit en sveitarfélagið telur ekki þörf á deiliskipulagi eða breytinga á aðalskipulagi vegna stækkunar á seiðahúsinu. Í fylgiskjali 3 með tilkynningunni er að finna tölvupóstsamskipti milli Antons Arnar Brynjarssonar byggingarverkfræðings og Sigurðar Ósmanns Jónssonar skipulags- og byggingarfulltrúa Sveitarfélagsins Ölfus þar sem þetta kemur fram. Einnig er þar að finna tölvupóst frá Sigurði frá 21.nóv 2018 þar sem hann segir að samþykktir sem hreppsnefnd Ölfuss afgreiddi árið 1985 um uppbyggingu á svæðinu hafi verið átlitnar í gildi skipulags. Bygginganefnd Ölfuss hefur þegar fundað og samþykkt byggingaráformin. Mynd 5 á næstu síðu sýnir hvar reitur I6 er á aðalskipulagi.



Mynd 5 sýnir hluta af aðalskipulagi sveitarfélagsins Ölfus. Eldislóð Samherja Fiskeldis á Núpum er á I6

2. Helstu umhverfisáhrif

2.1. Grunnástand

Frárennsli stöðvarinnar er allt sameinað í eina frárennislögn sem rennur í safnker þar sem grófustu agnirnar botnfalla. Vatnið er svo síað í gegn um tromlufilter áður en það rennur út í læk sem síðan rennur í ána Sandá. Sandá sameinast svo ánni Varmá en allir lækir og ár á svæðinu renna á endanum út í Ölfusá sem er vatnsmesta á landsins með meðalrennsli um 423 m³/sek.

Í þau tæp 30 ár sem fiskeldi hefur verið stundað á Núpum hefur aldrei komið fram að starfsemi þess hafi haft neikvæð áhrif á viðtakann og engar kvartanir hafa borist vegna starfseminnar sem tengjast losun í ána. Umhverfisstofnun hefur heldur ekki gert neinar alvarlegar athugasemdir við starfsemina og losun lífrænna efna hefur að jafnaði verið innan marka.

Kröfur varðandi losun í núverandi starfsleyfi Núpa eru eftirfarandi (klippt út úr nógildandi starfsleyfi):

Losunarmörk lífrænna efna:

Eftirfarandi hámarks magn mengandi efna sem losuð eru í viðtaka skulu gilda:

- efnasambönd fosfórs: 7 kg P/framleitt tonn
- efnasambönd köfnunarefnis: 60 kg N/framleitt tonn

Efnainnihald í viðtaka :

Þar sem fráveiturvatn er leitt í á eða vatn, skal eftirfarandi gilda 1 m frá útrás:

- hámarkshitabreyting af völdum frárennslis: 2°C
- súrefnismettun, lágmark: 70%,
 - má ekki fara undir 6 mg O₂/l
 - má ekki fara yfir 9 mg O₂/l 50% af tímanum
- sýrustig, pH 6-9
 - hámarksbreyting á sýrustigi vegna frárennslis: 0,5
- ammoníak NH₃: minna en 0.025 mg/l
- súrefnisnotkun BOD₅: hæst 4 mg O₂/l (eða hæst COD: 20 mg/l)
- HOCl: hæst 0,004 mg/l
- olfur og fitur: olfubrák má ekki sjást
- hámarksaukning á svifögnum vegna frárennslis: 2 mg/l.

Mælingar á Núpum sept 2017					
Mælingar	Áður en það fer í ker	Fyrir hreinsibúnað	eftir hreinsibúnað	ca m. Ofan útrás	meter neðan útrás
Svifagnir	<2 mg/l	33mg/l	7mg/l	10mg/l	5mg/l
Sýrustig			6	5	5
Hitastig			8,3	7,9	8,4

Tafla 3. Niðurstöður mælinga til að kanna virkni hreinsibúnaðar 2017

Útreiknuð losun Núpur 2018	Mæling [mg/l]	Mæling mg/l inntaks-vatn	með frádrætti	Rennsli [L/s]	Losun [kg/dag]	Framleiðsla [kg/dag]	Losun [kg/framl eitt tonn]	Leyfileg losunarmörk
Heildar köfnunarefni (N) í frárennslis	1,8		1,8	110	17,1	424	40,4	60
Heildar fosfór (P) í frárennslis	0,1		0,1	110	1,0	424	2,2	7

Tafla 4. Niðurstöður mælinga og útreikningar á Núpum 2018

Í töflu 4 sem sýnir útreikninga fyrir mælingar á lífrænum efnum á Núpum 2018 sést að ekki var tekin mæling í inntaksvatni, en heimilt er að nota þær mælingar til frádráttar.

Ekkert frávik hefur verið skráð í eftirlitsskýrslum UST og MAST frá því árið 2012, en þá mældist losun lífrænna efna lítilla yfir mörkum. Hafði þá dregist að tæma settank, hann var svo tæmdur í kjölfarið og losun lífrænna efna var vel undir losunarmörkum í næstu mælingu. Engin frávik hafa verið skráð í skýrslum UST og MAST síðan 2012 og á heimasíðu UST er Núpastöðin á lista yfir frávikalaus fyrirtæki.

Seyran í settankinum er tæmd reglulega og urðuð í Álfsnesi. Dauðfiski er einnig safnað saman í sérstakt dauðfiska-ker, en það er tæmt eftir þörfum og fiskurinn urðaður. Skolunarbúnaður í tromlufilter skolar agnirnar af filternum og þær berast með sérstakri lögn aftur út í settankinn. Ekki hefur verið talið þörf á að dæla vatninu frá filternum yfir í sérstakan settank sem stendur við hliðina á aðal-settankinum, þar sem vöktunarmælingar hafa komið vel út síðustu ár. Möguleikinn er þó fyrir hendi ef frekari hreinsunar er þörf.

2.2. Möguleg áhrif á vatn, gróður og dýralíf

Vatnsmál

Rekstraraðili telur ekki að framkvæmdin komi til með að hafa áhrif á grunnvatn þar sem vatnstaka verður ekki aukin umfram það sem hún afkastar í dag.

Helstu úrgangsefni í frárennslisvatninu sem mögulega geta haft áhrif á viðtakann eru svifagnir, köfunarefni og fosfór. Köfnunarefni og fosfór eru lífræn næringarefni sem í of miklum mæli geta valdið ofauðgun í viðtaka. Einkenni ofauðgunar geta t.d. verið mikill vöxtur gróðurs og þörungna í viðtaka og í versta falli veldur slík auðgun súrefnisþurrð við botn en það getur mögulega valdið dauða smárra lífvera sem lifa þar. Í Núpastöðinni þar sem hlutfallslega verður áfram notað mikið vatn miðað við lífmassa, verður útþynning næringarefna alltaf mikil og hætta á ofauðgun verður því að teljast lítil. Aldrei hafa komið fram athugasemdir frá UST eða MAST hvað varðar slík áhrif á viðtaka en það er eitt af þeim atriðum sem eftirlitsaðilar skoða í sínum eftirlitsferðum.

Yfirlitsmynd yfir vatnsbólín sem nýtt eru til eldisins er að finna í fylgiskjali 2.

Gróður og dýralíf

Ekki verður um mikið rask að ræða á gróðri við stækkunina á aðaleldishúsinu. Gróður á lóðinni þar sem húsið verður stækkað er frekar fábreyttur, en þar er fyrir malarplan með nokkrum grasblettum. Ekki er vitað til þess að að svæðinu séu neinar tegundir jurta á valista.

Rekstraraðili telur að framleiðsluaukningin muni ekki hafa teljandi áhrif á lífríki viðtakans, þar sem vatnið er allt síað í gegn um tromlufilter áður en það berst út í lækinn. Haldið verður áfram að fylgjast reglulega með styrk lífrænna efna í frárennslisvatninu og viðeigandi ráðstafanir gerðar ef styrkur þeirra fer yfir sett mörk í starfsleyfi. Eins og áður hefur komið fram, er sá möguleiki fyrir hendi að leiða frárennsli frá tromlufilter í sérstakan settank sem þegar er til staðar við hlið aðal-settanks.

2.3. Villtir fiskistofnar

Þar sem um er að ræða landeldi eru stálristar við frárennsli í hverju kerri sem varna því að fiskur sleppi. Ef svo ólíklega vildi til að fiskur færi með frárennsli út í safnkerið þá færu seiðin aldrei í gegn um tromlufilterinn sem síar vatnið áður en það berst í viðtaka. Í tromlufilternum fer allt vatn sem rennur frá stöðinni í gegn um síudúk (100 míkron) hann er því 100% fisk-heldur. Það verður því að teljast afar lítil hætta á því að fiskur sleppi út í umhverfið.

Fyrirtækið er með virka sleppingarátætlun og geymir net í stöðinni til að fanga fisk ef slys eða hamfarir af einhverju tagi yrðu til þess að fiskur slyppi úr stöðinni.

2.4. Fornleifar

Ekki eru þekktar fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.

3. Eftirlit

3.1. Losun úrgangsefna

Sýnt hefur verið fram á að óétið fóður hefur mest áhrif á umhverfi fiskeldis. Fóður er einnig kostnaðarsamasti þátturinn í eldinu. Virkt eftirlit verður haft með fóðrun kerjanna og fóðrun stjórnað til að lágmarka sóun á fóðri. Reiknað er með að innan við 1% af fóðri tapist í eldinu. Útreikningar á losun lífrænna efna eru sýndir í lið 1.4. Það fóður sem tapast kemur til með að setjast í settanki eða síast frá í tromlufilter. Um er að ræða Hydrotech tromlufilter sem er útbúinn með 100 míkrona síudúk, sem heinsar u.þ.b. 70% af öllum svifögnum (skv. upplýsingum frá framleiðanda).

Dauðfiskur er fjarlægður við reglubundið eftirlit og hann nýttur í loðdýrafóður, eða honum fargað í samræmi við svæðisáætlun um meðhöndlun lífræns úrgangs.

Allri efnanotkun er haldið í lágmarki en þau efni sem ráðgert er að verði notuð í eldinu verða sótthreinsiefni og hreinsiefni sem þegar er verið að nota í dag og gerð er grein fyrir í árlegu grænu bókhaldi fyrirtækisins.

3.2. Vöktunaráætlanir

Samherji fiskeldi á Núpum er með virka vöktunaráætlun sem er í samræmi við kröfur gildandi starfsleyfis og bandarískra kaupenda á laxi og bleikju. Ný vöktunaráætlun verður gerð í samstarfi við Umhverfisstofnun samhliða útgáfu nýs starfsleyfis.

3.3. Innra eftirlit

Notast verður áfram við framleiðslustýringarkerfið FarmControl (eða sambærilegt). Í þetta kerfi eru færðar inn allar upplýsingar um daglegan rekstur svo sem fóðrun, dauða, flokkun, innsetningu, slátrun, meðalvigtarprufur, bólusetningar, hita og margt fleira. Hægt er að skrifa út skýrslur um flest allt það sem hér er á undan talið, hvort sem er fyrir alla stöðina, einstaka ker, upprunahópa eða kynslóðir. Þetta kerfi er og mun áfram verða lykilverkfæri í öllu innra eftirliti, sem og rekstri stöðvarinnar. Eins og kerfið er uppsett í dag nýtist það sem skráningartæki á öllu því sem dagbækur fiskeldisstöðva eiga að halda utan um samkvæmt reglugerðum og er tekið fullgilt sem slíkt.


4. Samantekt

Samherji fiskeldi ehf áformar stækkun eldisrýmis og aukningu á seiðaframleiðslu félagsins á Núpum í Ölfusi. Sótt verður um ný starfs- og rekstrarleyfi þar sem heildar framleiðslumagn á laxa og bleikjuseiðum verður aukið úr 150 tonnum í 300 tonn á ári. Aðaleldishús sem skemmdist í bruna í júní síðastliðnum verður endurbyggt og gólflötur hússins stækkaður um 260 m². Stefnt er á að auka eldisrýmið um c.a. 1000 m³. Sú aukning næst að einhverju leyti fram með stækkun hússins og meira rými fyrir ker en aðallega felst aukningin í því að skipta út eldri kerjum fyrir stærri einingar.

Frárennslisvatn stöðvarinnar verður hreinsað með sama hætti og hingað til, með settanki og tromlufilter áður en það rennur út í viðtaka og ný vöktunaráætlun verður útbúin samhliða gerð nýs starfsleyfis í samráði við Umhverfisstofnun.

Samherji fiskeldi ehf óskar eftir ákvörðun Skipulagsstofnunar um hvort fyrirhuguð breyting teljist háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst
f.h. Samherja fiskeldis ehf.



Heiðdís Smáradóttir
Verkefna- og gæðastjóri


Heimildaskrá

Wang, X.X, Olsen, L.M., Reitan, K.I., & Olsen, Y. (2012). Discharge of nutrient wastes from salmon farms: environmental effects, and potential for integrated multi-trophic aquaculture. *Aquaculture environment Interactions*, 2(3), 267-283. Doi: Doi10.3354/Aei00044

Thorarensen, H & Farrel, A.P. (2011). The biological requirements for post-smolt Atlantic salmon in closed-containment systems. *Aquaculture* 312 1-14





SKYRINGAR:
 ÖLL MÁL Í MM NEIÐA ANNAÐ SE TEKIÐ FRAM
 ÖLL MÁL ÁTUGSÍST Á STAÐNUM



FYRIRHUGJÓB STÆKKUN

Útg.	St.	Bygging	Rf. n.
Íslandsbleikja - Núpur III			
St.	Ört.	Bygging	
Ástæða			
Áfallaleikning			
Línunúmer:	L 117799	Skagnum:	8712-00000000
Afstöðumynd			
Útþrúfing			
Núðu Álfuruból			
Skala:	B 10	Mákskaði:	1:1000
Teknaátt:	ADN	Dagsetning:	02.07.2018
Viðskil:	ADN	Dagsetning:	02.07.2018
Höfundur:			
Höfundurkorti:			
 AFVI Áframhalds- og Væðingarskema AFVI Áframhalds- og Væðingarskema AFVI Áframhalds- og Væðingarskema AFVI Áframhalds- og Væðingarskema AFVI Áframhalds- og Væðingarskema			
AFVI Áframhalds- og Væðingarskema AFVI Áframhalds- og Væðingarskema AFVI Áframhalds- og Væðingarskema AFVI Áframhalds- og Væðingarskema AFVI Áframhalds- og Væðingarskema			
AFVI Áframhalds- og Væðingarskema AFVI Áframhalds- og Væðingarskema AFVI Áframhalds- og Væðingarskema AFVI Áframhalds- og Væðingarskema AFVI Áframhalds- og Væðingarskema			
AFVI Áframhalds- og Væðingarskema AFVI Áframhalds- og Væðingarskema AFVI Áframhalds- og Væðingarskema AFVI Áframhalds- og Væðingarskema AFVI Áframhalds- og Væðingarskema			
AFVI Áframhalds- og Væðingarskema AFVI Áframhalds- og Væðingarskema AFVI Áframhalds- og Væðingarskema AFVI Áframhalds- og Væðingarskema AFVI Áframhalds- og Væðingarskema			
AFVI Áframhalds- og Væðingarskema AFVI Áframhalds- og Væðingarskema AFVI Áframhalds- og Væðingarskema AFVI Áframhalds- og Væðingarskema AFVI Áframhalds- og Væðingarskema			
AFVI Áframhalds- og Væðingarskema AFVI Áframhalds- og Væðingarskema AFVI Áframhalds- og Væðingarskema AFVI Áframhalds- og Væðingarskema AFVI Áframhalds- og Væðingarskema			
AFVI Áframhalds- og Væðingarskema AFVI Áframhalds- og Væðingarskema AFVI Áframhalds- og Væðingarskema AFVI Áframhalds- og Væðingarskema AFVI Áframhalds- og Væðingarskema			
AFVI Áframhalds- og Væðingarskema AFVI Áframhalds- og Væðingarskema AFVI Áframhalds- og Væðingarskema AFVI Áframhalds- og Væðingarskema AFVI Áframhalds- og Væðingarskema			
AFVI Áframhalds- og Væðingarskema AFVI Áframhalds- og Væðingarskema AFVI Áframhalds- og Væðingarskema AFVI Áframhalds- og Væðingarskema AFVI Áframhalds- og Væðingarskema			
AFVI Áframhalds- og Væðingarskema AFVI Áframhalds- og Væðingarskema AFVI Áframhalds- og Væðingarskema AFVI Áframhalds- og Væðingarskema AFVI Áframhalds- og Væðingarskema			
AFVI Áframhalds- og Væðingarskema AFVI Áframhalds- og Væðingarskema AFVI Áframhalds- og Væðingarskema AFVI Áframhalds- og Væðingarskema AFVI Áframhalds- og Væðingarskema			







Sandá



Réttarhola



Flóðalækur



Gvendarbrunnur



Núpar fiskeldisstöð



Lykillmynd

Fiskeldisstöðin Núpar í Ölvusi ásamt vatnsbólum og frárennsli

Fylgiskjal 3. Samræmi við skipulag

From: Anton Örn. Brynjarsson <anton@avh.is>

Sent: 6. júlí 2018 13:17

To: Sigurður Jónsson <sigurdur@olfus.is>

Cc: Jón Kjartan Jónsson (ikj@samherji.is) <ikj@samherji.is>

Subject: Íslandsbleikja Núpar III, fyrirspurn um stækkun seiðaeldishúss

Sæll Sigurður

Sjá meðfylgjandi tillöguteikningar af stækkun seiðaeldishúss að Núpum III.

Óskað er eftir álitum um það hvort stækkun (lenging) húss og hækkun veggja á langhlið (óbreytt mænishæð) væri líkleg til að fá samþykki og hvort það rúmist innan samþykkt skipulags.

Með bestu kveðju/best regards

Anton Örn Brynjarsson



Arkitektúr Verkfræði Hönnun

Anton Örn Brynjarsson
Byggingarverkfræðingur

anton@avh.is
Beinn sími: 460 4406
GSM sími: 895 0666

Kaupangi v. Mýrarveg
600 Akureyri
Sími: 460 4400
Fax: 460 4401

Þingholtsstræti 27
101 Reykjavík
Sími: 5614400
Fax: 5614411

avh@avh.is
www.avh.is

Þessi tölvupóstur og viðhengi hans geta innihaldið trúnaðarupplýsingar eingöngu ætlaðar þeim sem pósturinn er stílaður á. Efni hans og viðhengi er á ábyrgð sendanda ef það tengist ekki starfsemi AVH. Ef sending þessi hefur ranglega borist yður vinsamlega gætið fyllsta trúnaðar, tilkynnið sendanda og eyðileggið sendinguna eins og skylt er skv. 44. gr. laga nr. 107/1999 um fjarskipti.

From: Sigurður Jónsson

Sent: 6. júlí 2018 13:59

To: 'Anton Örn. Brynjarsson' <anton@avh.is>

Subject: FW: Íslandsbleikja Núpar III, fyrirspurn um stækkun seiðaeldishúss

Sæll Anton og takk fyrir kveðjuna um daginn.

Í póstinum er byggingarreitur eins og ég met hann um mannvirkinn.

Bið þig að setja hann inn á afstöðumyndina.

Stækkunin er í samræmi við heimild til að byggja upp á svæðinu.

Með aðaltekningu sendir þú mér skráningartöflu.


kv



Sigurður Ósmann Jónsson
skipulags- og byggingarfulltrúi
sími 480 3800, fax 480 3801
netfang sigurdur@olfus.is
Sveitarfélagið Ölfus
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn.
www.olfus.is



Þessi tölvupóstur og viðhengi gæti innihaldið trúnaðarupplýsingar og/eða einkamál og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á. Efni hans og innihald er á ábyrgð þess starfsmanns sem sendir hann ef það tengist ekki starfsemi Sveitarfélagsins Ölfuss. Ef sending þessi hefur ranglega borist yður vinsamlega gætið fyllsta trúnaðar, tilkynnið sendanda og eyðileggið sendinguna eins og skylt er skv. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti.


The information transmitted, including any attachment, may contain confidential and/or privileged material and is intended only for the addressee only. The contents of the message are the individual senders responsibility if it is not related to the operation of Sveitarfélaginu Ölfusi. If you receive this in error, please keep the information confidential, contact the sender and delete the material from your system.

mán. 19.11.2018 15:56

 SJ Sigurður Jónsson <sigurdur@olfus.is>
RE: Deiliskipulag fyrir Núpa 5

To  Sigmar B Árnason;  Gunnar Dagur Darrason

Cc  Guðmundur Einarsson;  Heiðdís Smáradóttir

 You forwarded this message on 21.11.2018 12:33.

Góðan daginn.

Samþykktir sem hreppsnefnd Ölfuss afgreiddi fyrir mörgum árum, 1985, um uppbyggingu hvort sem var innan Þorlákshafnar eða í dreifbýlinu hefur verið álitid sem skipulag fyrir viðkomandi svæði. Má nefna íbúðabyggð í eldri hluta bæjarins hjá okkur. Þær samþykktir eru

ígildi skipulags. Eigi síðan að breyta byggðinni þarf að vinna deiliskipulag.



Um uppbyggingu að Núpum 5, landnr. 171789 eru skráð á iðnaðar- og athafnalóð, I6, þessi mannvirki. Klakhús, aðaleldishús, frumeldishús, rafstöðvarhús og 6 fiskeldisker.

Um stækkun og uppbyggingu á húsin sem skemmdist í bruna, er sótt um að stækka um tæpan 1/3 að stærð byggingarinnar sem fyrir var.


Lóðaupplýsingar						
171789						
Svfn	Landnr	Heiti lóðar/lands	Lodnr	Skýr	Film	Ein
		Eigandi/Lóðshafi	Eignarhlutf	Skatthlutf	Lóðamat þús kr	
8717	171789	Núpar 5	00058600	Iðnaðar og athafnaló		5,0 ha
9999997777		Eignarland	100,00%	Klakhús		1 315
9999997777		Eignarland	100,00%	Aðaleldishús		1 315
9999997777		Eignarland	100,00%	Frumeldishús		1 315
9999997777		Eignarland	100,00%	Rafstöðvarhús		1 315
9999997777		Eignarland	100,00%	6 fiskeldisker		1 315

Gögn eru úr gagnagrunni Fasteignamats ríkisins og eru uppfærð vikulega. Ekki er tekin ábyrgð á að gögn séu rétt.

16	Núpar	Iðnaðar- og athafnalóð stærð 10 ha. Laxeldi á vegum Íslandslax/Samherja.	Núpar V
----	-------	--------------------------------------------------------------------------	---------



Það sem er innan gula svæðisins er byggingarreitur fyrir mannvirki sem geta risið.



Sigurður Ósmann Jónsson
sími 480 3800,
netfang sigurdur@olfus.is
Sveitarfélagið Ölfus
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn.
www.olfus.is

Þessi tölvupóstur og viðhengi gæti innihaldið trúnaðarupplýsingar og/eða einkamál og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á. Efni hans og innihald er á ábyrgð þess starfsmanns sem sendir hann ef það tengist ekki starfsemi Sveitarfélagsins Ölfuss. Ef sending þessi hefur ranglega borist yður vinsamlega gætið fyllsta trúnaðar, tilkynnið sendanda og eyðileggið sendinguna eins og skylt er skv. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti.

The information transmitted, including any attachment, may contain confidential and/or privileged material and is intended only for the addressee only. The contents of the message are the individual senders responsibility if it is not related to the operation of Sveitarfélaginu Ölfusi. If you receive this in error, please keep the information confidential, contact the sender and delete the material from your system.

From: Sigmar B Árnason <sigmar@olfus.is>
Sent: 19. nóvember 2018 15:09
To: Gunnar Dagur Darrason <gdd@samherji.is>; Sigurður Jónsson <sigurdur@olfus.is>
Cc: Guðmundur Einarsson <gudmundur@samherji.is>; Heiðís Smáradóttir <heidis@samherji.is>
Subject: RE: Deiliskipulag fyrir Núpa 5

Góðan dag

Það hefur ekki verið unnið deiliskipulag á þessari jörð/lóð.

Með kveðju/ Kind regards,

Sigmar Árnason

Skipulags- og byggingarfulltrúi
Planing and building official

Sveitarfélagið Ölfus
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn
Sími/Tel. (+354) 480 3800
Bréfsími/Fax (+354) 480 3801
sigmar@olfus.is
www.olfus.is

From: Gunnar Dagur Darrason <gdd@samherji.is>

Sent: fimmtudagur, 15. nóvember 2018 11:00

To: Sigmar B Árnason <sigmar@olfus.is>; Sigurður Jónsson <sigurdur@olfus.is>

Cc: Guðmundur Einarsson <guðmundur@samherji.is>; Heiðdís Smáradóttir <heiddis@samherji.is>

Subject: Deiliskipulag fyrir Núpa 5

Sælir Gunnar heiti ég, hann Guðmundur var í sambandi við ykkur varðandi deiliskipulag af svæðinu okkar.

Getiði sent okkur deiliskipulag af svæðinu?

Þetta er iðnaðarsvæði 6

Best regards,

Gunnar Dagur Darrason | Samherji fiskeldi ehf.

Tel: +354 560-9000 | IM: gdd@samherji.is | Website: www.samherji.is